



Áfangalýsing ML

Titill:	Inngangur að sálfræði
Námsgrein:	sálfræði
Viðfangsefni:	Inngangur að sálfræði
Skammstöfun:	SÁLF2IS05
Þrep:	2
Einingafjöldi:	5
Lýsing:	Þetta er grunnáfangi í sálfræði og ætlaður til að kynna nemendum fræðigreinina sálfræði, eðli hennar sögu og þróun. Helstu sálfræðistefnur eru kynntar og grunnhugtök. Þá er fjallað um starfssvið sálfræðinga og helstu undirgreinar. Nemendur kynnst rannsóknaraðferðum sálfræðinnar bæði bóklega og verklega. Fjallað er sérstaklega um námssálfræði, bæði á fræðilegan og hagnýtan hátt og nemendur læra um mismunandi tegundir náms og minnisaðferðir. Fjallað er um samspil hugsunar, hegðunar og tilfinninga, sjálfsmynd, mannleg samskipti, þróun náinna sambanda og almennt um mannlegt eðli.
Forkröfur:	Engar
Þekkingarviðmið:	Nemandi skal hafa öðlast þekkingu og skilning á: <ul style="list-style-type: none">• þróun fræðigreinarinnar sálfræði• grundvallarhugmyndum sem móta kenningar í sálfræði• helstu frumkvöðlum í greininni• víðfeðmi sálfræðinnar og helstu undirgreinum hennar• hagnýtu gildi sálfræðinnar• leiðum sálfræðinnar til að útskýra hugsun, hegðun og tilfinningar manneskjunnar• mótunaröflum einstaklinga og hópa
Leikniviðmið:	Nemandi skal hafa öðlast leikni í að: <ul style="list-style-type: none">• lesa í og skilja umfjöllun um helstu hugmyndir sem mótað hafa sálfræðina• beita algengustu hugtökum sálfræðinnar á skýran og skilmerkilegan máta• skoða sína eigin hegðun og annarra út frá grundvallarhugmyndum sálfræðinnar• skoða eigin hugsun og tilfinningar út frá grundvallarhugmyndum sálfræðinnar• tjá kunnáttu sína á munnlegan og skriflegan hátt



Hæfniviðmið:	<p>Nemandi skal geta hagnýtt þá almennu þekkingu og leikni sem hann hefur aflað sér til að:</p> <ul style="list-style-type: none">• gera sér grein fyrir mótunaráhrifum umhverfis á sjálfan sig og aðra• gera sér grein fyrir samspili hegðunar, hugsunar og tilfinninga• geta með einföldum hætti yfirfært sálfræðilega þekkingu á eigin sjálfsmynd• tjá sig skipulega og gagnrýnið um einstaka efnisþætti• afla sér upplýsinga, greina helstu atriði þeirra og hagnýta sér• geta framkvæmt einfalda rannsókn og áttað sig á helstu niðurstöðum
Námsmat	Tilgreint í kennsluáætlun